


Ársskýrsla Fiskeldissjóðs

2021



Fiskeldissjóður Ársskýrsla 2021

Útgefandi:

Fiskeldissjóður
Matvælaráðuneytinu
Borgartúni 26
105 Reykjavík
545 9700
www.fiskeldissjodur.is
postur@mar.is

Hönnun og umbrot:

Ingi Kristján Sigurmarsson

ISSN 2772-1876

© Fiskeldissjóður
janúar 2023

Ábyrgðarmaður:

Haraldur L. Haraldsson
stjórnarformaður



Hlutverk Fiskeldissjóðs er að styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3
Fiskeldissjóður	4
Hlutverk	4
Stjórn	4
Starfsemi	4
Ráðstöfunarfé	4
Styrkir	4
Starfsemi Fiskeldissjóðs á fyrsta starfsárinu	5
Forgangsröðun og verklag	5
Úthlutun 2021	5
Leikskóli í Fjarðabyggð	6
Eskifirði	
Vatnsveita í Ísafjarðarbæ	7
Súgandafirði	
Fráveita í Múlaþingi	8
Djúpavogi	
Fjarlægja vatnslögn úr asbesti í Vesturbyggð	9
Bíldudal	
Vatnsöryggi í Vesturbyggð	10
Patreksfirði	
Lokaorð	11
Ársreikningur 2021	12



Ávarp stjórnarformanns



Með lögum um töku gjalds af sjókvíaeldi og um fiskeldissjóð var í fyrsta sinn lagt á gjald vegna nýtingar fiskeldissvæða í sjó. Jafnframt var stofnaður Fiskeldissjóður til að styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Með lögunum er um ákveðna nýbreytni að ræða, hvað varðar tekjustofna sveitarfélaga en frá því að aðstöðugjöld voru lögð niður, hafa beinar tekjur sveitarfélaga af atvinnurekstri eingöngu verið vegna álagningar fasteignagjalda. Með lögunum var lögfest að hlutdeild af álagningu gjalds á fisk, sem slátrað er úr sjókvíaeldi, skuli fara til sveitarfélaga þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, þó þannig að viðkomandi sveitarfélög eiga rétt á að sækja um styrk úr Fiskeldissjóði.

Stjórn sjóðsins var skipuð 21. febrúar 2021. Áður en til úthlutunar styrkja gat komið þurfti fyrst að ganga frá reglugerð fyrir Fiskeldissjóð, starfsreglum sjóðsins og úthlutunarreglum. Þegar til úthlutunar kom hafði stjórnin samþykkt ákveðna matsþætti og mælikvarða sem hún hafði til hliðsjónar við meðferð umsókna. Stjórnin fundaði 19 sinnum á árinu 2021.

Stjórnin einsetti sér að eiga gott samstarf við viðkomandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga við gerð framanritaðs. Átti stjórnin m.a. fundi með fulltrúum sveitarfélaganna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Allt tók þetta sinn tíma og því var nokkuð liðið á árið þegar auglýst var eftir umsóknum en afgreiðslu umsókna lauk á fundi stjórnarinnar þann 16. september 2021. Ætla má með hliðsjón af því hversu langt var liðið á árið hafi það gert sveitarfélögunum erfitt fyrir við að hefja framkvæmdir við fyrirhuguð verkefni á árinu.

Sjóðurinn hafði 105 milljónir króna til úthlutunar á árinu 2021. Alls bárust 14 umsóknir um styrki frá sjö sveitarfélögum, að fjárhæð samtals 240 milljónir króna. Niðurstaða stjórnar var að veita styrki til fimm verkefna í fjórum sveitarfélögum.

Fyrir hönd stjórnar er sveitarfélögunum þakkað fyrir gott samstarf og innlegg við mótun reglna vegna úthlutunar á árinu 2021. Jafnframt þakkar stjórnin ráðuneyti og starfsmanni sjóðsins fyrir vinnu við úthlutunina.

Haraldur Línal Haraldsson, formaður.

Fiskeldissjóður

Hlutverk

Fiskeldissjóður er sjálfstæður opinber sjóður sem starfar á grundvelli 7. gr. laga nr. [89/2019](#) um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Um sjóðinn gildir einnig reglugerð nr. [100/2022](#). Sjóðnum er ætlað að veita sveitarfélögum styrki til uppbyggingar innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Stjórn

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, skipaði stjórn Fiskeldissjóðs 21. febrúar 2021. Stjórnina skipa: Haraldur Líndal Haraldsson, formaður, skipaður án tilnefningar; Álfheiður Ingadóttir, tilnefnd af forsætisráðherra og Kjartan Dige Baldursson, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðherra. Stjórn Fiskeldissjóðs hefur yfirumsjón með rekstri hans í samræmi við lög og reglugerð þar um. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára. Ákvarðanir stjórnar eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

Starfsemi

Nánari upplýsingar um starfsemi Fiskeldissjóðs er að finna á [vefsvæði sjóðsins](#), sem hýst er á vefsetri stjórnarráðsins. Þar má nálgast [starfsreglur](#) og [úthlutunarreglur](#) sjóðsins ásamt [matsþáttum og mælikvörðum](#) sem stjórn sjóðsins hefur til hliðsjónar við meðferð umsókna.

Fundargerðir stjórnar eru birtar á vefsvæðinu. Fiskeldissjóður er vistaður á skrifstofu matvæla í Matvælaráðuneytinu og er starfsmaður ráðuneytisins starfsmaður sjóðsins.

Ráðstöfunarfé

Ráðstöfunarfé Fiskeldissjóðs er fjárveiting sem ákvörðuð er hverju sinni með fjárlögum. Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum frá sveitarfélögum um styrki úr sjóðnum til verk-efna sem eru til þess fallin að byggja upp innviði og þjónustu á svæðum þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað.

Styrkir


Á árinu 2021 var fiskeldi í sjó stundað við Vestfirði og Austfirði. Sjó sveitarfélög á þeim svæðum áttu rétt á að sækja um styrk í Fiskeldissjóð. Þau eru:

Á Vestfjörðum: Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur og Vesturbyggð.

Á Austfjörðum: Fjarðabyggð og Múlaþing.



Starfsemi Fiskeldissjóðs á fyrsta starfsárinu



Fyrsta verkefni stjórnar Fiskeldissjóðs var að setja sjóðnum starfsreglur sem og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir. Auglýst var eftir umsóknum 12. júlí og var úthlutun lokið 16. september.

Forgangsröðun og verklag

Stjórnin fundaði sex sinnum til að fara yfir og meta umsóknir á tímabilinu 1.–16. september 2021. Umsóknum voru gefnar einkunnir eftir sjö matsþáttum þar af tveimur, sem snúa að lýsingu á verkefninu og framkvæmdar- og kostnaðaráætlun, og fimm, sem snúa að áherslum sjóðsins, en horft var sérstaklega til eftirgreindra matsþátta og þeir metnir eftir fjórum mælikvörðum:

- Styrkari samfélagsgerð (menntun, menning, íbúáþróun).
- Uppbygging innviða (atvinnulíf, þjónusta).
- Loftslagsmarkmið og umhverfisvernd (fráveita, orkuskipti, vatnsveita).
- Tenging við sjókvíaeldi (hafnir, aðstaða í landi).
- Nýsköpun hverskyns, tengd ofangreindum þáttum.

Úthlutun 2021

Fiskeldissjóði bárust 14 umsóknir frá sjö sveitarfélögum, samtals að fjárhæð 239,8 milljónir króna. Sjóðurinn hafði 105 milljónir króna til úthlutunar á árinu svo grípa þurfti til forgangsröðunar skv. úthlutunar- og starfsreglum.

Við forgangsröðun verkefna ákvað stjórn sjóðsins að raða framur þeim verkefnum sem komin voru á þróunar- og framleiðslustigi fram fyrir þau sem enn voru á rannsóknar- eða könnunarstigi. Eftirtalin fimm verkefni hlutu styrk úr sjóðnum:

**Leikskóli í
Fjarðabyggð**
Eskifirði

42.589.578 kr.



Leikskólinn Dalbær á Eskifirði var tekinn í notkun 1998. Íbúum hefur fjölgað í Fjarðabyggð og einkum í Eskifirði, m.a. í tengslum við uppbyggingu fiskeldis, og því talið nauðsynlegt stækka leikskólann. Fyrirhugað er að reisa viðbyggingu með tveimur deildum og starfsmannarými auk þess sem eldra húsæði verður endurnýjað að hluta.

Áætlaður heildarkostnaður er um 290 milljónir króna og verktími áætlaður um þrjú ár.



Mynd: Fjarðabyggð

Verkefnið miðar að því að styrkja innviði og bjóða fram eftirsóknarvert umhverfi fyrir börn á leikskólaaldri og nýja íbúa á Eskifirði.

**Vatnsveita í
Ísafjarðarbæ**
Súgandafirði

20.439.408 kr.



Vatnslindir í Sunddal, sem er inn af Staðardal, sjá íbúum og fyrirtækjum í Súgandafirði fyrir neysluvatni og er lögnin um 1700 m löng. Vatnsveitan er á þolmörkum og rennslið ekki nægilegt þegar vatnsnotkun er mikil í bænum. Fyrirhugað er að leggja sverari aðveitulögn og tryggja þannig nægileg afköst til frekari uppbyggingar fiskeldis og annarrar hafnsækinnar starfsemi.

Heildarkostnaður er áætlaður um 25 milljónir króna og verktími tvö ár.



Mynd: Ísafjarðarbær

Markmið verkefnisins er að tryggja að frekari vöxtur geti átt sér stað í Súgandafirði með tilliti til iðnaðar og að höfnin geti veitt bátum svo sem í kringum fiskeldi aðgang að vatni.

**Fráveita í
Múlapingi**
Djúpavogi

28.064.925 kr.



Á Djúpavogi í Múlapingi hefur íbúum fjölgað og atvinnulíf orðið fjölbreyttara með tilkomu fiskeldis á Austfjörðum. Til stendur að fækka útrásum sem leiða ómeðhöndlað skólp út í vogana norður af þorpinu, auka hreinsun fráveitu og sameina og flytja útrásir í sjó fram. Verkefninu er skipt í fjóra áfanga og tekur sá fyrsti af útrásir í voginn þar sem smábátahöfnin, Hótel Framtíð og frystihúsið er.

Áætlaður kostnaður við þann áfanga er um 110 milljónir króna og verktími tvö ár.



Mynd: Roman Slavik

Þegar verkefninu verður lokið verður allt frárennsli á Djúpavogi meðhöndlað með eins þreps hreinsiferli og leitt frá þorpinu út í sjó austan við Langatanga.

**Fjarlægja vatnslögn úr
asbesti í Vesturbyggð**
Bíldudal

6.929.723 kr.



Ný aðalvatnslögn fyrir Bíldudal var tekin í notkun 2020/2021 og þá hætt að nota gamla asbest-lögn sem liggur að hluta yfir framtíðar byggingaland þorpsins. Aflagða lögnin er um 2 km löng og er mikilvægt með tilliti til umhverfissjónarmiða að fjarlægja um helming hennar og ganga frá landinu með viðunandi hætti.

Áætlaður kostnaður er 8,3 milljónir króna og verktími eitt ár.



Mynd: Uwe Moser

Verkefnið tengist með beinum hætti umhverfisvernd sem og uppbyggingu innviða vegna aukins fiskeldis og atvinnuuppbyggingar í Bíldudal.

**Vatnsöryggi
í Vesturbyggð**
Patreksfirði

6.982.366 kr.



Hér er um að ræða heildarendurskoðun á vatnsöryggi fyrir Patreksfjörð og Bíldudal og er markmiðið að afla upplýsinga um vatnsforða og afkastagetu vatnsbóla í Vesturbyggð svo unnt sé að undirbúa nauðsynlegar framkvæmdir. Verkefninu er skipt í tvennt og var veittur styrkur til fyrri áfangans, sem snýr að Patreksfirði.

Áætlaður kostnaður er kr. 7,6 milljónir króna og verktími eitt ár.



Mynd: Andriy Blokhin


Markmið verkefnisins er að byggja upp innviði sem anna eftirspurn eftir nægu og öruggu vatni, hanna vatnstanka og lagnir og undirbúa nauðsynlegar framkvæmdir.

Lokaorð

Fyrsta úthlutun Fiskeldissjóðs var krefjandi verkefni og mörg viðfangsefni sem þurfi að leysa og takast á við. Verkefnin sem sveitarfélögin sóttu um styrki til voru fjölbreytt og aðkallandi. Það var ánægjulegt að geta styrkt þau góðu verkefni sem hér hefur verið lýst og öll falla vel að áherslum sjóðsins, en að sama skapi er ljóst að valið var flókið.

Stjórn sjóðsins var samstiga í einkunnagjöf sinni. Verklag við úthlutun úr Fiskeldissjóði mun þróast áfram í samræmi við góða reynslu af fyrri úthlutun og í góðu samstarfi við sveitarfélögin.

Mynd: Marius Ltu




Ársreikningur 2021

Skýrsla og áritun forstöðumanns	12
Yfirlit um afkomu ársins	13
Efnahagsreikningur	14
Sjóðstreymisyfirlit	15
Skýringar	16

Fiskeldissjóður

Fjárlagaliðurinn
er í umsjón
Matvælaráðuneytisins

Borgartúni 26, 105 Reykjavík



Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fiskeldissjóður er nýr sjóður sem starfar á grundvelli 7. gr. laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Sjóðnum er ætlað að veita sveitarfélögum styrki til uppbyggingar innviða, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, og styrkja þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir málefnasvið 12 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 117,0 milljónir og afkoma kr. 114,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 114,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 114,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fiskeldissjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fiskeldissjóðs fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Kolbeinn Arnason, skrifstofustjóri.

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	117.000.000	0
Tekjur samtals		117.000.000	0
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	1.881.006	0
Annar rekstrarkostnaður	4	182.188	0
Gjöld samtals		2.063.194	0
Afkoma ársins		114.936.806	0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	2020
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	5	114.936.806	0
Veltufjármunir samtals		114.936.806	0
Eignir samtals		114.936.806	0

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	6		
Hrein eign		114.936.806	0
Eigið fé samtals		114.936.806	0
Skuldir			
Skuldir samtals		0	0
Eigið fé og skuldir samtals		114.936.806	0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		114.936.806	0
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(114.936.806)	0
		<u>(114.936.806)</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs		0	0
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu. Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



Skýringar

	2021	2020
2. Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	117.000.000	0

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	0	0	117.000.000	117.000.000
Fjárveiting til tekna	0	0	117.000.000	117.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(2.063.194)	0	0	(2.063.194)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(2.063.194)	0	117.000.000	114.936.806

3. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.681.687	0
Launatengd gjöld	199.319	0
	1.881.006	0
Meðalfjöldi stöðugilda	0,0	0,0

4 Annar rekstrarkostnaður

Sérfræðipjónusta	175.500	0
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	175.500	0
Afnotagjöld	6.688	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	6.688	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	182.188	0

31.12.2021 **1.1.2021**

5. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	114.936.806	0
	114.936.806	0

18

Skýringar

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	1.1.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	0	0
Afkoma ársins	114.936.806	0
Jöfnuður 31.12.	114.936.806	0

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

7. Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Á árinu 2021 samþykkti sjóðurinn styrkveitingar til fimm verkefna fyrir alls 105 m.kr.

Greiðslan fór ekki fram á árinu 2021 og kemur ekki fram í ársreikning sjóðsins. Engu að síður hefur sjóðurinn skuldbundið sig til greiðslu á þeim fjármunum komi öll verkefni til framkvæmda.

Því eru þessir fjármunir ekki lausir til ráðstöfunar í önnur verkefni á árinu 2022.

